

Um prófið

Í ritunarprófinu eru 2 verkefni og nemendur fá 80 mínútur til að leysa prófið.

Prófið er tekið í rafræna prófakerfinu INSPERA.

Háskóli Íslands útvegar þátttakendum tölvur til að taka prófið.

Verkefni 1 – að svara bréfi

Fæðingarorlof

- Lestu bréfið frá Sylvíu, vinkonu þinni í Þýskalandi, hér fyrir neðan.
- Skrifaðu persónulegt bréf til Sylvíu og segðu skoðun þína á fæðingarorlofi.
 - Hvað finnst þér um hegðun kennarans?
 - Eiga báðir foreldrar að fá fæðingarorlof? Af hverju / af hverju ekki?
- Lengd: a.m.k. 100 orð.
- Tími: u.þ.b. 20 mínútur.

Bonn, 15. mars 2025

Kæri / Kæra ...

Þakka þér kærlega fyrir bréfið sem mér þótti vænt um að fá. Ég er svolítið stressuð í augnablikinu, það eru aðeins fjórar vikur til lokaprófa og á versta tíma hættir enskukennarinn okkar! Þau eru nýbúin að eignast barn og núna er hann kominn í fæðingarorlof og ætlar að vera heima til að sjá um barnið næsta hálfa árið. Hugsaðu þér! Konan hans vill halda áfram að vinna, finnst þér þetta í lagi?

Bestu kveðjur,
Sylvía

Verkefni 2 – að skrifa um valið efni

- Skrifaðu um efni a) eða b) hér fyrir neðan.
 - Ræddu málið frá ólíkum hliðum.
 - Taktu afstöðu (segðu frá skoðunum þínum á málinu).
 - Færðu rök fyrir máli þínu (gefðu ástæður fyrir skoðunum þínum).
- Lengd: a.m.k. 250 orð.
- Tími: u.þ.b. 60 mínútur.

a)

Heimavinna – kostir og gallar

Sífelld fleiri störf í nútímanum er hægt að vinna að heiman. Í dag hefur fjarvinna orðið raunhæfur kostur fyrir fjölmargar starfsstéttir. Margir velja að sinna störfum sínum utan hefðbundins vinnustaðar, t.d. á eigin heimili.

Hvaða áhrif hefur þessi þróun á vinnuumhverfi og samskipti á vinnustöðum? Hverjir eru helstu kostir og gallar fjarvinnu fyrir starfsmenn og fyrirtæki? Hentar fjarvinna öllum störfum og öllum einstaklingum? Hefur fjarvinna áhrif á jafnvægi milli vinnu og einkalífs, afköst og vellíðan?

Hvort myndir þú vilja vinna heima eða mæta daglega á vinnustað og af hverju?

b)

Fólksflutningar í hnattvæddum heimi

Í dag lifum við í hnattvæddum heimi þar sem fólk flytur oft milli landa af ýmsum ástæðum – til að leita að betra lífi, menntun, atvinnu eða öryggi.

Hvaða verkefni bíða þeirra sem flytja í nýtt land? Hvernig var þín eigin reynsla þegar þú komst fyrst til Íslands? Var eitthvað sem kom þér sérstaklega á óvart eða reyndist þér erfitt? Hvernig tóku Íslendingar á móti þér eða fólki sem þú þekkir?

Er eitthvað í móttöku nýrra íbúa sem þú myndir vilja breyta eða bæta og af hverju?